





Reykjavík, 17. mars 2026
USK23070269

Ægisíða 60 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. apríl 2025 þar sem sótt er um leyfi til þess að rífa og endurbyggja með breytingum á burði og útliti svalir íbúðarhúss, mhl.01, á lóð nr. 60 við Ægisíðu. Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar, byggingarlýsing dags. 15. maí 2023, ódagsett skýrsla um ástand og endurbætur ásamt verkáætlun og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum samþykktum 21. júní 2014.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd, tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Ægisíðu 60 borgarhluta 1 Vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Ægisíðu, samþykkt í borgarráði 15. desember 2005, ásamt síðari breytingum.

Húsið á lóð nr. 60 við Ægisíðu var byggt árið 1954. Húsið er steinað, tvílyft steinsteypt hús, með kjallara og risi. Húsið var hannað sem íbúðarhús en í húsinu eru þrjár íbúðir í dag.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta útliti svala á húsinu með því að í stað handriða með stálstoðum og timbur borðum, kæmu handriði með ryðfríu stáli og gleri með harðviðarhandriði efst. Einnig er óskað eftir því að fá að byggja sólstofu við kjallara undir svölum.

Umsögn

Í deiliskipulagi fyrir Ægisíðu segir:

„Ægissíða 50-98 sé heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 6 tug 20. aldarinnar. Lagt er til að húsin við Ægissíðu 50-98 verði sett í milligulan flokk, verndun svæðis samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur, á þeirri forsendu að húsaröðin



Reykjavík



blasi við opnu strandsvæði og sé mjög áberandi og einstök sem slík. Steyptir garðveggir setja svið sinn á götuna og hafa mikið umhverfisgildi.“

Að auki segir í deiliskipulagi að lagt sé til að við viðgerðir, breytingar og viðbyggingar að svip húsa verði sem minnst raskað.

Ekki er hægt að fallast á að tillaga, dags. 22. mars 2025, taki mið af upprunalegu útliti hússins. Æskilegt væri að færa svalir aftur í upprunalegt horf.

Niðurstaða

- Neikvætt tekið í erindið, samræmist ekki skilmálum í deiliskipulagi um verndun.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík